



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 20. maí 2022  
Tilvísun: 202205-0012

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu)**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum um tekjuskatt, almannatryggingar og húsnæðisbætur. Með frumvarpinu er ráðist í mótvægisáðgerðir vegna hratt vaxandi verðbólgu sem nú mælist 7,2% og fela áðgerðir í sér hækkun bóta almannatrygginga, hækkun húsnæðisbóta og sérstakan barnabótaauka. Sambandið telur gagnrýniverð að ekki sé stefnt að því að hækka bætur atvinnuleysistrygginga samhliða hækkun bóta almannatrygginga. Að óbreyttu eru bætur atvinnuleysistrygginga að rýrna að raunvirði.

Alþýðusambandið telur jákvætt að tekin sé skref til að mæta þeim neikvæðu áhrifum sem vaxandi verðbólga hefur á kjör heimila. Forysta sambandsins hefur um nokkurt skeið kallað eftir áðgerðum<sup>1</sup>, nú síðast í nýlegri ályktun miðstjórnar<sup>2</sup>. Ljóst er að mikil óvissa ríkir um verðlagshorfur um þessar mundir og útlit fyrir að verðbólga kunni fremur að vera vanmetin heldur en ofmetin. Í ljósi þessa má vænta þess að stjórnvöld muni þurfa að ráðast í frekari áðgerðir til að bregðast við lífskjarakrisunni.

Verðbólga hefur verið yfir markmiði Seðlabankans frá því áhrifa heimsfaraldurs tók að gæta í hagkerfinu. Öðru fremur vegna þróunar á húsnæðismarkaði sem rekja má til aukinnar eftirspurnar og lækkandi fjármagnskostnaðar. Einnig hefur innflutt verðbólga og þróun hrávöruverðs vegið þungt í verðbólgu. Þar hefur innrás Rússa í Úkraínu haft veruleg áhrif en í kjölfar hennar hækkaði verð á orku og áburði um yfir 40%. Alls hefur verð á áburði meira en þrefaldast frá byrjun árs 2020 og orkuverð meira en tvöfaldast.

Um þessar mundir fer verðbólga vaxandi á breiðum grunni, sem þýðir að verðbólga fer einnig vaxandi ef litið er framhjá sveiflukenndum liðum, húsnæði og þróun hrávöruverðs. Seðlabankinn hefur brugðist við þróuninni með hækkun stýrivaxta. Ljóst er að vaxtahækkun hefur umtalsverð áhrif á greiðslubyrði lána heimila, sérstaklega nýrra kaupenda sem kaupa á háu raunverði með óverðtrygðum lánunum á breytilegum vöxtum. Sá hópur getur í dag síður treyst á vaxtabótakerfið til að mæta aukinni vaxtabyrði vegna brattrar skerðinga í kerfinu.


<sup>1</sup> Sjá pistil forseta ASÍ, <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/pistill-forseta-asi-%C3%B6gurstund-i-lifskjorum/>

<sup>2</sup> Sjá ályktun miðstjórnar, <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/alyktun-midstjornar-asi-um-adgerdaleysi-stjornvalda/>



Í umsögn ASÍ um fjármálaáætlun<sup>3</sup> er bent á að slaki sé nú horfinn af vinnumarkaði og að ör fjölgun ferðamanna muni hafa nokkur áhrif á hagkerfið, vinnumarkað og húsnæðismarkað á næstu misserum. Þróunin skapar áskoranir fyrir hagstjórn og við núverandi aðstæður er mikilvægt að opinber fjármál verði ekki til þess að auka þenslu í hagkerfinu. ASÍ telur brýnt að ráðist verði í framangreindar mótvægisáðgerðir og bendir á að stjórnvöld geta stutt við heimilin án þess að draga úr aðhaldi ríkisfjármála. Þar hefur Alþýðusambandið lagt fram tillögur til að styrkja tekjuhlið ríkisfjármála<sup>4</sup>. Slíkar áðgerðir eru mikilvægar í ljósi þess að svigrúm til útgjaldaauka er afar takmarkað í fjármálaáætlun. Þar kemur fram að fjármögnun nýrra verkefna fari fram með forgangsröðun eða bættri nýtingu fjármuna. ASÍ telur óásættanlegt að mótvægisáðgerðir verði fjármagnaðar með niðurskurði á öðrum sviðum.

### Mynd 1. Ellilífeyrir - hlutfall af lágmarkslaunum



Samkvæmt frumvarpi munu bætur almannatrygginga hækka um 3% frá og með 1. júní. Hækkunin kemur til viðbótar við 4,6% hækkun á áramótum, sem samanstóð af 3,8% hækkun vegna mats ráðuneytisins á launaþróun og 0,8% verðlagsuppfærslu vegna verðbólgu ársins á undan. Alþýðusambandið hefur áður séð ástæðu til þess að gagnrýna óskýra aðferðafræði við ákvörðun bóta almanna- og atvinnuleysistrygginga. Frá 2017 hafa bætur almannatrygginga dregist aftur úr launaþróun, hvort sem þær eru skoðaðar í hlutfalli við lágstu taxa eða sem hlutfall af tekjutryggingu. Með mótvægisáðgerð verður ellilífeyrir með heimilisuppbót 98% af tekjutryggingu.


<sup>3</sup> Sjá umsögn, <https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-3255.pdf>

<sup>4</sup> Sjá nánar í umsögn um fjármálaáætlun.




## Mynd 2. Leiguverð sem hlutfall af ráðstöfunartekjum

Einstaklingur með tvö börn í 85 fm íbúð, byggt á meðalfermtr.verði. Tekjur eftir skatt og bætur.



## Mynd 3. Húsnæðisbætur sem hlutfall af leigu, eftir tekjum leigjenda

Einstaklingur með tvö börn í 85 fm íbúð, byggt á meðalfermetraverð



Í frumvarpi er ráðgert að hækka óskertar húsnæðisbætur um 10% ásamt því að frítekjumörk hækka um 3%. Hækkun frítekjumarks verður afturvirk frá áramótum. Fjárhæðir húsnæðisbóta hafa að mestu staðið í stað undanfarin ár. Frítekjumörk hafa hækkað en skerðingarhlutfall einnig. Leiguverð hækkaði umfram launaþróun á tímabilinu 2011-2018, sjá mynd 2. Leiguverð var að jafnaði 32% af meðallaunum árið 2018 og 53% af lágmarksalaunum. Viðmið um íþyngjandi húsnæðiskostnað er jafnan 40% af ráðstöfunartekjum. Leiguverð hefur verið stöðugt í kjölfar heimsfaraldurs en merki eru um að leiguverð fari nú hratt vaxandi samhliða hækkun eignaverðs og aukinni eftirspurn. Breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu myndu hækka hlutfall húsnæðisbóta í leigu úr 25% í 27% við tekjum í neðri fjórðungsmörkum frá því kerfi sem er í gildi í dag.

Samkvæmt öllum greiningum eru nokkrir hópar viðkvæmastir fyrir hækkanði verðlagi og vaxtahækkunum; þeir sem reida sig á almannatryggingakerfið, fólk á leigumarkaði, barnatjölskyldur



Alþýðusamband Íslands

og kaupendur sem komið hafa inn á húsnæðismarkað á síðustu misserum. Í þessu frumvarpi er einblínt á nokkra viðkvæma hópa og styður ASÍ þá hugmyndafræði að ráðast í sértækar aðgerðir í stað almennra aðgerða.

Alþýðusambandið hvetur til þess að málið nái fram að ganga en kallar eftir því að breytingar verði gerðar þannig að atvinnuleysisbætur hækki samhliða bótum almannatrygginga.

Fyrir hönd ASÍ,

Róbert Farestveit  
Hagfræðingur



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 20. maí 2022  
Tilvísun: 202205-0012

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu)**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum um tekjuskatt, almannatryggingar og húsnæðisbætur. Með frumvarpinu er ráðist í mótvægisáðgerðir vegna hratt vaxandi verðbólgu sem nú mælist 7,2% og fela áðgerðir í sér hækkun bóta almannatrygginga, hækkun húsnæðisbóta og sérstakan barnabótaauka. Sambandið telur gagnrýnivert að ekki sé stefnt að því að hækka bætur atvinnuleysistrygginga samhliða hækkun bóta almannatrygginga. Að óbreyttu eru bætur atvinnuleysistrygginga að rýrna að raunvirði.

Alþýðusambandið telur jákvætt að tekin séu skref til að mæta þeim neikvæðu áhrifum sem vaxandi verðbólga hefur á kjör heimila. Forysta sambandsins hefur um nokkurt skeið kallað eftir áðgerðum<sup>1</sup>, nú síðast í nýlegri ályktun miðstjórnar<sup>2</sup>. Ljóst er að mikil óvissa ríkir um verðlagshorfur um þessar mundir og útlit fyrir að verðbólga kunní fremur að vera vanmetin heldur en ofmetin. Í ljósi þessa má vænta þess að stjórnvöld muni þurfa að ráðast í frekari áðgerðir til að bregðast við lífskjarakrisunni.

Verðbólga hefur verið yfir markmiði Seðlabankans frá því áhrifa heimsfaraldurs tók að gæta í hagkerfinu. Öðru fremur vegna þróunar á húsnæðismarkaði sem rekja má til aukinnar eftirspurnar og lækkandi fjármagnskostnaðar. Einnig hefur innflutt verðbólga og þróun hrávöruverðs vegið þungt í verðbólgu. Þar hefur innrás Rússa í Úkraínu haft veruleg áhrif en í kjölfar hennar hækkaði verð á orku og áburði um yfir 40%. Alls hefur verð á áburði meira en þrefaldast frá byrjun árs 2020 og orkuverð meira en tvöfaldast.

Um þessar mundir fer verðbólga vaxandi á breiðum grunni, sem þýðir að verðbólga fer einnig vaxandi ef litið er framhjá sveiflukennendum liðum, húsnæði og þróun hrávöruverðs. Seðlabankinn hefur brugðist við þróuninni með hækkun stýrivaxta. Ljóst er að vaxtahækkun hefur umtalsverð áhrif á greiðslubyrði lána heimila, sérstaklega nýrra kaupenda sem kaupa á háu raunverði með óverðtrygðum lánunum á breytilegum vöxtum. Sá hópur getur í dag síður treyst á vaxtabótakerfið til að mæta aukinni vaxtabyrði vegna brattrar skerðinga í kerfinu.


<sup>1</sup> Sjá pistil forseta ASÍ, <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/pistill-forseta-asi-%C3%B6gurstund-i-lifskjorum/>

<sup>2</sup> Sjá ályktun miðstjórnar, <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/alyktun-midstjornar-asi-um-adgerdaleysi-stjornvalda/>



Í umsögn ASÍ um fjármálaáætlun<sup>3</sup> er bent á að slaki sé nú horfinn af vinnumarkaði og að ör fjölgun ferðamanna muni hafa nokkur áhrif á hagkerfið, vinnumarkað og húsnæðismarkað á næstu misserum. Þróunin skapar áskoranir fyrir hagstjórn og við núverandi aðstæður er mikilvægt að opinber fjármál verði ekki til þess að auka þenslu í hagkerfinu. ASÍ telur brýnt að ráðist verði í framangreindar mótvægisáðgerðir og bendir á að stjórnvöld geta stutt við heimilin án þess að draga úr aðhaldi ríkisfjármála. Þar hefur Alþýðusambandið lagt fram tillögur til að styrkja tekjuhlið ríkisfjármála<sup>4</sup>. Slíkar áðgerðir eru mikilvægar í ljósi þess að svigrúm til útgjaldaauka er afar takmarkað í fjármálaáætlun. Þar kemur fram að fjármögnun nýrra verkefna fari fram með forgangsröðun eða bættri nýtingu fjármuna. ASÍ telur óásættanlegt að mótvægisáðgerðir verði fjármagnaðar með niðurskurði á öðrum sviðum.

### Mynd 1. Ellilífeyrir - hlutfall af lágmarkslaunum



Samkvæmt frumvarpi munu bætur almannatrygginga hækka um 3% frá og með 1. júní. Hækkunin kemur til viðbótar við 4,6% hækkun á áramótum, sem samanstóð af 3,8% hækkun vegna mats ráðuneytisins á launaþróun og 0,8% verðlagsuppfærslu vegna verðbólgu ársins á undan. Alþýðusambandið hefur áður séð ástæðu til þess að gagnrýna óskýra aðferðafræði við ákvörðun bóta almanna- og atvinnuleysistrygginga. Frá 2017 hafa bætur almannatrygginga dregist aftur úr launaþróun, hvort sem þær eru skoðaðar í hlutfalli við lágstu taxa eða sem hlutfall af tekjutryggingu. Með mótvægisáðgerð verður ellilífeyrir með heimilisuppbót 98% af tekjutryggingu.


<sup>3</sup> Sjá umsögn, <https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-3255.pdf>

<sup>4</sup> Sjá nánar í umsögn um fjármálaáætlun.




## Mynd 2. Leiguverð sem hlutfall af ráðstöfunartekjum

Einstaklingur með tvö börn í 85 fm íbúð, byggt á meðalfermtr.verði. Tekjur eftir skatt og bætur.



## Mynd 3. Húsnæðisbætur sem hlutfall af leigu, eftir tekjum leigjenda

Einstaklingur með tvö börn í 85 fm íbúð, byggt á meðalfermetraverð



Í frumvarpi er ráðgert að hækka óskertar húsnæðisbætur um 10% ásamt því að frítekjumörk hækka um 3%. Hækkun frítekjumarks verður afturvirk frá áramótum. Fjárhæðir húsnæðisbóta hafa að mestu staðið í stað undanfarin ár. Frítekjumörk hafa hækkað en skerðingarhlutfall einnig. Leiguverð hækkaði umfram launaþróun á tímabilinu 2011-2018, sjá mynd 2. Leiguverð var að jafnaði 32% af meðallaunum árið 2018 og 53% af lágmarksalaunum. Viðmið um íþyngjandi húsnæðiskostnað er jafnan 40% af ráðstöfunartekjum. Leiguverð hefur verið stöðugt í kjölfar heimsfaraldurs en merki eru um að leiguverð fari nú hratt vaxandi samhliða hækkun eignaverðs og aukinni eftirspurn. Breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu myndu hækka hlutfall húsnæðisbóta í leigu úr 25% í 27% við tekjum í neðri fjórðungsmörkum frá því kerfi sem er í gildi í dag.

Samkvæmt öllum greiningum eru nokkrir hópar viðkvæmastir fyrir hækkanði verðlagi og vaxtahækkunum; þeir sem reida sig á almannatryggingakerfið, fólk á leigumarkaði, barnatjölskyldur





Alþýðusamband Íslands

og kaupendur sem komið hafa inn á húsnæðismarkað á síðustu misserum. Í þessu frumvarpi er einblínt á nokkra viðkvæma hópa og styður ASÍ þá hugmyndafræði að ráðast í sértækar aðgerðir í stað almennra aðgerða.

Alþýðusambandið hvetur til þess að málið nái fram að ganga en kallar eftir því að breytingar verði gerðar þannig að atvinnuleysisbætur hækki samhliða bótum almannatrygginga.

Fyrir hönd ASÍ,

Róbert Farestveit  
Hagfræðingur




23. maí 2022

## Efni: Umsögn BHM um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu), 678. mál.

BHM fagnar því að stjórnvöld skuli nú ráðast í áðgerðir til að mæta áhrifum verðbólgu á heimili landsins. Telur bandalagið þó mikilvægt að stjórnvöld styrki einnig tekjuhlið ríkisfjármála til að vinna gegn pensluvaldandi áhrifum áðgerða sem gætu m.a. leitt til aukins verðbólguþrýstings en bandalagið fjallaði um slíkar áðgerðir í umsögn sinni um fjármálaáætlun 2023-2027. Vísbendingar eru þegar um að nokkurrar framleiðsluspennugæti í íslenska hagkerfinu en 54% fyrirtækja segist nú starfa nærri eða umfram framleiðslugetu og 45% segjast búa við skort á starfsfólki. Hlutfallslegur fjöldi fyrirtækja sem búa við skort á starfsfólki hefur þannig ekki mælst hærrí í 14 ár. Við slíkar áðstæður skiptir miklu að ákvarðanir í ríkisfjármálum verði ekki til þess að auka þenslu enn frekar og valda auknum verðbólguþrýstingi. Mun það vinna gegn markmiðum þeirra áðgerða sem hér eru kynntar.


Könnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins




## Stöðugleikinn er sameiginlegt markmið

Í nýlegri könnun Maskínu og BHM kemur skýrt fram að efnahagslegur stöðugleiki m.a. m.t.t. verðlagserfurstur í huga fólks þegar kemur að næstu kjarasamningum en að baki er tími mikils verðstöðugleika í sögulegu tilliti. Allir vinnumarkaðar verða að ganga í takt til að varðveita stöðugleikann á næstu misserum. Þar bera stjórnvöld mikla ábyrgð.

Helstu áherslur meðal almennings í næstu kjarasamningum



Verðbólga á mánaðargrundvelli - áratugir



## Óæskilegt að undanskilja atvinnuleitendur

Að mati bandalagsins er óæskilegt að atvinnuleitendur séu skildir eftir þegar kemur að mótvægisáðgerðum vegna verðbólgu og skyldu verðbætureinnig ná til atvinnuleysistrygginga. Bendir bandalagið þá á að þrátt fyrir hækkun húsnæðisbóta hafa grunnbæturnar dregist saman að raunvirði frá 2018 og barnabætur teljast enn vart annað en fátækrastyrkur. Telur bandalagið mikilvægt að stuðnings- og bótakerfi hins opinbera séu tekin til heildarendurskoðunar en aðferðafræði við ákvörðun bóta almanna- og atvinnuleysistrygginga er um margt óskýr.

Þá saknar bandalagið þess að ekki séu lagðar fram markvissar tillögur hvað varðar tekjuhlöðina m.a. með styrkingu tekjustofna sem leiða af fjármagni og eignum eins og fjallað er um í umsögn bandalagsins um fjármálaáætlun 2023-2027. Þannig myndi fjármálastefnan einnig styðja betur við peningastefnuna en slíkar áðgerðir eru í deiglu í löndunum í kringum okkur.

Fyrir hönd BHM,



Vilhjálmur Hilmarsson  
Hagfræðingur BHM



Friðrik Jónsson  
Formaður BHM

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2022

**Efni: Umsögn BSRB um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu), 678. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp vegna mótvægisáðgerða vegna verðbólgu. BSRB fagnar frumvarpinu en veitir stutta umsögn því stuttur tími gefst til umsagnar vegna þeirrar flýtimeðverðar sem málið hefur fengið á Alþingi til að tryggja tímanlega gildistöku ákvæða þess.

BSRB telur nauðsynlegt að mæta lífeyrisþegum, leigjendum, barnafjölskyldum og atvinnuleitendum vegna hækkandi verðbólgu en gerir í einhverjum tilfellum athugasemdir við útfærslu.

**Sérstakur barnabótaauki**

Þann 1. júlí 2022 á að greiða sérstakan barnabótaauka að fjárhæð 20.000 kr. til þeirra sem áttu rétt á tekjutengdum barnabótum á álagningarári 2022. BSRB telur aðgerðina mikilvæga en leggur til að í stað eingreiðslu verði barnabótaaukinn greiddur út mánaðarlega út árið.

**Hækkun lífeyris almannatrygginga**

Frumvarpið leggur til að mánaðrlegar greiðslur almannatrygginga til elli- og örorkulífeyrisþega verði hækkað um 3 prósent frá og með 1. júní 2022. BSRB telur mikilvægt að lífeyrir sé verðbættur með þessum hætti en minnir á almannatryggingar hafa dregist saman sem hlutfall af lágmarklaunum á síðustu árum og þessi verðlagsuppfærsla dugir ekki til leiðrétta þá kjararýrnun sem þessir hópar hafa orðið fyrir á síðustu árum.

**Hækkun húsnæðisbóta**

Leigjendur undir ákveðnum tekjumörkum eiga rétt á húsnæðisbótum. Þær bætur hafa ekki hækkað síðan árið 2018. Með frumvarpinu er lagt til að grunnbæturnar hækki um 10 prósent og með 1. júní og munu þær þá verða 35.706 kr. í stað 32.460. Hins vegar hefur vísitala leiguverðs hækkað um 20 prósent frá ársbyrjun 2018 og vísitala neysliverðs sömuleiðis. Því hefði þurft að hækka grunnbæturnar mun meira til að mæta betur leigjendum eða í tæplega 39.000 krónur.

Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að frítekjumörk m.v. árstekjur hækki um 3 prósent frá og með 1. janúar 2022. Það er jákvæð breyting en skerðing vegna tekna verður áfram 11 prósent í stað 9 prósent áður. Skerðingarhlutfallið var hækkað árið 2020 til að draga úr útgjöldum úr kerfinu og krefst BSRB að það verði lækkað aftur.

### Atvinnuleitendur skildir eftir

BSRB krefst þess að atvinnuleysistryggingar verði verðbættar sem nemur 3 prósent hækkun. Það er óafsakanlegt að skilja þann hóp eftir sem er í hópi þeirra sem eru með lægstu mánaðarlegu tekjurnar hér á landi. Einnig er vert að benda á að ekki er verið að leiðrétta þá kjararárýrnun sem orðið hefur á greiðslunum undanfarin ári.

### Samantekt

BSRB styður frumvarpið en leggur til að barnabótaauki verður greiddur út mánaðarlega á árinu 2022, að húsnæðisbætur verði hækkaðar um 20 prósent í stað 10 prósent og tekjuskerðingarhlutfall við útreikning bótanna verði lækkað úr 11 prósent í 9 prósent. Þá verður að verðbæta atvinnuleysistryggingarnar enda er annað hróplegt óréttlæti.

BSRB leggur áherslu á að félagslegur stöðugleiki sé hafður að leiðarljósi við efnahagsstjórn. Efnahagsleg misskipting fer vaxandi á Íslandi, sérstaklega þegar litið er til eigna. Samþjöppun auðs og valds er skaðleg fyrir samfélagið og veldur félagslegri stéttskiptingu og dregur úr félagslegri samheldni. Við þessu verður að bregðast með skattkerfisbreytingum sem gera ríkissjóði kleift að auka framlög til almannaþjónstu og efla tekjutilfærslukerfin.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, reading "Sigr. Ingibj. Ingad.", written in a cursive script.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir  
hagfræðingur

## *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*

---

### *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Alþingi; efnahags- og viðskiptanefnd**  
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**  
Dagsetning: **23.05.2022**  
Málsnúmer: **FJR22050022**  
Bréfalykill: **3.5**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu).

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti hinn 20. maí sl. óskað eftir minnisblaði frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, þar sem slegið er mati á kostnaðinn af því að hækka eignaskerðingarmörk vaxtabótakerfisins (allar fjórar fjárhæðirnar) um 25 prósent og hvernig ábatinn af því myndi dreifast á tekjuhópa.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu), þingskjal 1011, 678. mál, er gert ráð fyrir sértækum áðgerðum til mótvægis við verðbólgu. Áðgerðir sem fela í sér kerfisbreytingar eða almennar hækkanir á fjárhæðar- og skerðingarmörkum fela hins vegar ekki í sér slík tímabundin viðbrögð við sérstökum aðstæðum.

Réttur til vaxtabóta myndast á því ári þegar íbúð eða eignarhluti er keyptur eða bygging er hafin og ákvarðast vaxtabætur samkvæmt upplýsingum á skattframtali árinu á eftir. Fjárhæð vaxtagjalda, tekjur og eignir hafa áhrif á fjárhæð vaxtabóta. Á álagningarseðli kemur fram hvaða forsendur liggja að baki útreikningi hjá hverjum og einum og áhrif þeirra á niðurstöður útreiknings. Álagning ársins 2022 vegna tekjuársins 2021 er lokið og er því ákveðinn ómöguleiki fyrir því að hækka fjárhæðar- og skerðingarmörk vaxtabóta á miðju ári. Slíkar hækkanir eru lögfestar í lok tekjuárs vegna komandi álagningarárs. Í því samhengi þarf einnig að hafa í huga fyrirframgreiðslu vaxtabóta sem er bráðabirgðagreiðsla sem kemur til útreiknings endanlegra vaxtabóta við álagningu opinberra gjalda samkvæmt framtali.

Hluti vaxtabóta hefur því nú þegar verið greiddur út og stutt er í næstu greiðslu, þar sem uppgjör vaxtabóta fer fram samhliða álagningu opinberra gjalda þann 1. júní. Því er ekki æskilegt að ráðast í breytingar á vaxtabótakerfinu fyrir núliðandi ár. Slíkt myndi krefjast mikillar fyrirhafnar og tilkostnaðar, sér í lagi þar sem töluvert er af handreiknuðum framtölum s.s. vegna EES-vaxtabóta, búsetutíma í landinu, námsmanna og erlendra tekna.

Við áætlun á vaxtabótum styðst ráðuneytið við álagningarskrá Skattsins en nýjasta skráin hefur ekki borist ráðuneytinu og því er stuðst við álagningu vegna tekjuársins 2020 sem ákvörðuðu vaxtabætur ársins 2021. Útreikningarnir sýna því hvernig vaxtabætur hefðu breyst árið 2021 miðað við nýjar forsendur um eignamörk og þarf að taka niðurstöðunum með þeim fyrirvara að verið er að nýta eldri gögn.

Hækkun skerðingarmarkna eigna um 25% gerir það að verkum að hjá einhleypingum og einstæðum foreldrum hefst skerðingin þegar eignir umfram skuldir fara yfir 6.250.000 kr. í stað 5.000.000 kr. og vaxtabætur falla niður þegar hrein eign þessa hóps hafur náð 10.000.000 kr. í stað 8.000.000 kr. Hjá hjónum og sambúðarfólki hækka eignamörkin úr 8.000.000 kr. í 10.000.000 kr. og falla vaxtabætur niður þegar hrein eign þessa hóps hefur náð 16.000.000 kr. í stað 12.800.000 kr.

Útgjöld vegna vaxtabóta ársins 2021 myndu með þessari áðgerð hækka um 450 m.kr. sem er 19%

hækkun. Meðalhækkunin hjá þeim sem fá vaxtabætur væri 25.300 kr. og er áætlað er að í þeim hópi myndi fjölga um 2.800 einstaklinga. Mestu áhrifin eru hjá einhleypingum og einstæðum foreldrum sem hafa lágan tekjustofn og verða því ekki fyrir miklum skerðingum vegna tekna en hafa eignastofn sem er nálægt efri mörkum eignaskerðingarinnar. Heilt yfir myndu fleiri hjón og aðilar í sambúð njóta góðs af breytingunni. Tæplega 60% hækkunarinnar færi til fólks í efri hluta tekjudreifingarinnar og væri hækkunin mest í tekjutíund 6 og 7, þar sem tekjutíundir miðast við fjölskyldutekjur án handreiknaðra og áætlaðra framtala. Talið er að 55% af hækkuninni myndi koma í hlut kvenna.

Í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027 er gert ráð fyrir því að fyrsta stefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda í húsnæðismálum verði lögð fram á Alþingi í formi tillögu til þingsályktunar á 153. lögjafarþingi. Þar kemur einnig fram að yfirlýstur vilji stjórnvalda sé að einblína frekar á annan húsnæðisstuðning en vaxtabætur.

Spenna í þjóðarbúinu er mikil á alla mælikvarða og kallar á aðhald á sviði peninga- og ríkisfjármála. Mikilvægt er að allir armar hagstjórnar rói í sömu átt þar sem eftirgjöf á sviði ríkisfjármála kallar á þeim mun meiri hækkun stýrivaxta til þess að draga úr þenslu og verðbólgu. Í uppsveiflum, rétt eins og niðursveiflum, þurfa stjórnvöld að lágmarki að leyfa áhrifum sjálfvirkra sveiflujafnara ríkisfjármála að virka til fulls. Í vaxtabótakerfinu kemur sjálfvirk sveiflujöfnun m.a. þannig fram að vegna eignaskerðingarmarka minnka greiðslur samhliða hækkun íbúðaverðs. Hækkun eignaskerðingarmarka myndi draga úr sjálfvirkri sveiflujöfnun kerfisins og vera þvert á stefnu hagstjórnar.

Þrátt fyrir meginstefnu um aðhald í ríkisfjármálum hafa stjórnvöld tilkynnt um mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum verðbólgu á viðkvæma hópa. Þær hafa það fyrst og fremst að markmiði að minnka hættu á efnislegum skorti hjá þeim allra tekjulægstu og eignaminnstu. Hækkun eignaskerðingarmarka vaxtabóta myndi eingöngu gagnast íbúðaeigendum og sérstaklega þeim sem hafa orðið eignameiri vegna hækkunar íbúðaverðs. Ekki verður séð að þörf sé á slíkum stuðningi með hliðsjón af framangreindu. Fjárhagsstaða heimilanna hefur almennt styrkst öll síðustu ár, þvert á tekjuhópa, og fjárhagsstaða fólks sem býr í eigin húsnæði hefur styrkst sérstaklega vegna mikillar hækkunar íbúðaverðs. Vanskil íbúðalána eru í lágmarki. Það sama á við um vaxtabyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum samkvæmt nýjustu tölum þótt breyting gæti hæglega orðið þar á næstu misseri. Telja má að hækkun vaxtabóta, sérstaklega með hækkun eignaskerðingarmarka, myndi því ekki aðeins ganga gegn stefnu hagstjórnar heldur einnig því sjónarmiði að beina bótageiðslum og húsnæðisstuðningi þangað sem hans er þörf.

Að framangreindu virtu er því ekki lagt til að breytingar verði gerðar á eignaskerðingarmörkum vaxtabótakerfisins.



23. maí 2022

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 678. mál á 152. löggjafarþingi**

*Tekjuskattur o.fl. (mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu)*

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að bætur almannatrygginga og húsaleigubætur skuli hækka til að mæta hækkaðri verðbólgu ásamt því að 20.000 kr. eingreiðsla komi til barnafjölskyldna með lágar tekjur sem reiða sig á barnabótakerfið. Hagsmunasamtök heimilanna eru fylgjandi þeim aðgerðum, þó draga meggi í efa hvort þær muni duga til þess að verja kaupmátt þeirra hópa sem þær beinast að. Samtökin telja að ganga þurfi lengra í því skyni og telja líklegt að enn frekari aðgerða muni verða þörf til að bæta við slíka kjaraleiðréttingu fyrir lok þessa fjárlagaárs svo hún haldi í við verðbólguna.

Að þessu sögðu gera samtökin einkum athugasemdir við að í frumvarpinu séu ekki lagðar til neinar aðgerðir fyrir lágtekjufólk á vinnumarkaði sem hefur þrátt fyrir allt náð að afla sér eigin húsnæði. Í því sambandi má benda á að mörg þau sem hafa komist inn á húsnæðismarkaði að undanfögnu hafa ekki staðist greiðslumat fyrir óverðtryggðum lánnum heldur neyðst til að taka verðtryggð lán, þrátt fyrir að það sé óhagstæðasta lánaform sem fyrirfinnst þó víða væri leitað. Af völdum síhækkandi verðbólgu hækka húsnæðislán þessara heimila gríðarlega hratt um þessar mundir. Vegna viðbragða Seðlabanka Íslands við verðbólgunni með því að hækka vexti er einnig útlit fyrir að jafnvel enn meiri hækkunir verði á greiðslubyrði þeirra sem hafa getað staðist greiðslumat fyrir óverðtryggðum lánnum. **Ekkert í frumvarpinu er til þess fallið að koma til móts við þessa einstaklinga eða fjölskyldur þeirra.**

Svo dæmi sé tekið hefur 8% verðbólga þau áhrif á verðtryggðar skuldbindingar fólks að greiðslubyrði þeirra hækkar um 8.000 kr. fyrir hverjar 100.000 kr. sem þau þurftu áður að greiða mánaðarlega. Með þeim vaxtahækkunum sem þegar hafa orðið vegna viðbragða við verðbólgunni er einnig ljóst að hvert prósentustig vaxtahækkana mun hafa í för með sér sambærilega hækkun á greiðslubyrði af hverjum 10.000.000 kr. af óverðtryggðu húsnæðisláni. Greiðslubyrði dæmigerðra húsnæðislána að fjárhæðum 40-50 milljón kr. er þar af leiðandi að hækka um tugi þúsunda kr. á mánuði. Heimili með lágar tekjur hafa ekki svigrúm til að takast á við slíka útgjaldaaukningu til lengri tíma. **Samtökin krefjast þess því að nú þegar verði ráðist í fyrirbyggjandi aðgerðir til að tryggja húsnæðisöryggi allra heimila.**

- 0 -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.**

**Sendandi: Innviðaráðuneytið.**

**Dagsetning: 19. maí 2022.**

**Efni: Frekari upplýsingar vegna tillagðra breytinga á lögum um húsnæðisbætur samkvæmt frumvarpi um mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu.**

Við er til fundar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 19. maí 2022, með fulltrúa innviðaráðuneytisins vegna tillagðra breytinga á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, með síðari breytingum, samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu). Á fundinum var óskað eftir dæmum um áhrif breytinganna á rétt tiltekinna heimilisgerða miðað við að tekjur viðkomandi miðist við neðri fjórðungsmörk. Eftirfarandi eru umbeðin dæmi og miðast þau við neðri fjórðungsmörk tekna viðtakenda húsnæðisbóta í viðkomandi heimilisgerð samkvæmt nýjustu upplýsingum þar um, þ.e. tekjur viðkomandi viðtakenda húsnæðisbóta í apríl á þessu ári samkvæmt gögnum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, og eru án tillits til eigna (samanlögð hrein eign heimilismanna, 18 ára og eldri, getur numið allt að 8 m.kr. án þess að eignir hafi áhrif á rétt til húsnæðisbóta). Í öllum dæmunum myndu viðtakendur húsnæðisbóta fá óskertar húsnæðisbætur bæði miðað við gildandi forsendur og þær breytingar á grunnfjárhæðum og frítekjumörkum húsnæðisbóta sem lagðar eru til með frumvarpinu:

### ***Einstaklingur sem býr einn***

Fjöldi heimilismanna: 1

Tekjur: 295.026 kr. á mánuði

Húsnæðisbætur nú: 32.460 kr.

Húsnæðisbætur verða: 35.706 kr.

Hækkun á ársgrundvelli: 38.952 kr.

### ***Einstætt foreldri með eitt barn***

Fjöldi heimilismanna: 2

Tekjur: 328.900 kr. á mánuði

Húsnæðisbætur nú: 42.931 kr.

Húsnæðisbætur verða: 47.224 kr.

Hækkun á ársgrundvelli: 51.516 kr.

### ***Einstætt foreldri með tvö börn***

Fjöldi heimilismanna: 3

Tekjur: 295.026 kr. á mánuði

Húsnæðisbætur nú: 50.261 kr.

Húsnæðisbætur verða: 55.287 kr.

Hækkun á ársgrundvelli: 60.312 kr.

### ***Tveir foreldrar með tvö börn***

Fjöldi heimilismanna: 4

Tekjur: 510.458 kr. á mánuði

Húsnæðisbætur nú: 54.449 kr.


Húsnæðisbætur verða: 59.894 kr.

Hækkun á ársgrundvelli: 65.340 kr.

Í eftirfarandi töflu má sjá samanburð á stuðlum húsnæðisbóta, grunnfjárhæðum (hámarksbótum), frítekjumörkum og hámarki tekna (þ.e. hámarkstekjur sem viðkomandi heimilisgerð getur haft án þess að réttur til húsnæðisbóta sé að fullu niður fallinn) samkvæmt gildandi rétti og þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu.

Fjöldi í heimili	Stuðull er	Stuðull verður	Hámarksbætur eru	Hámarksbætur verða	Hækkun hámarksbóta	Frítekjumark á mánuði er	Frítekjumark á mánuði verður	Hámark tekna er	Hámark tekna verður
1	1,00	1,00	32.460	35.706	10,0%	396.059	407.941	691.150	732.541
2	1,32	1,32	42.931	47.224	10,0%	523.820	539.534	914.102	968.844
3	1,55	1,55	50.261	55.287	10,0%	613.253	631.650	1.070.168	1.134.257
4	1,68	1,68	54.449	59.894	10,0%	664.357	684.288	1.159.348	1.228.778

Þá sýnir neðangreind mynd ferla húsnæðisbóta eftir tekjum og fjölda heimilismanna annars vegar miðað við gildandi rétt og hins vegar miðað við þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu.



Loks má í eftirfarandi töflu sjá áhrif breytingartillagnanna á helstu heimilisgerðir sem nú fá greiddar húsnæðisbætur. Dálkurinn „heimilisgerð“ vísar til fjölda heimilismanna og stendur fyrri talan fyrir fjölda fullorðinna en sú síðari fjöldi barna (dæmi: 1+0 er fullorðinn, barnlaus einstaklingur sem býr einn). Með 75%/90% mörkum er átt við að 75%/90% heimila í viðkomandi flokki hafi að lágmarki tilgreindar tekjur. 10% mörk bóta vísa til þess að 90% heimila í viðkomandi flokki fái að lágmarki tilgreinda fjárhæð bóta.

Heimilisgerð	Fjöldi greiðsla	Hlutfall greiðsla	Fjöldi heimila	75% mörk tekna	90% mörk tekna	10% mörk bóta eru	10% mörk bóta verða	Hækkun 10% marka
1+0	116.509	56,8%	13.034	413.412	482.900	19.388	23.463	4.075
1+1	25.843	12,6%	2.841	473.291	590.805	32.053	37.640	5.587
2+0	17.135	8,4%	2.483	692.241	774.454	11.345	16.477	5.132
1+2	16.633	8,1%	1.772	497.010	628.377	44.174	50.996	6.821
2+1	9.323	4,5%	1.342	795.235	900.437	13.894	20.161	6.267

Á fundinum var jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvort hækkun frítekjumarka húsnæðisbóta sl. áramót hafi miðast við hækkun lífeyrisgreiðslna ellilífeyrisþega eða örorkulífeyrisþega. Hækkunin nam 5,6% og miðaðist þannig við hækkun lífeyrisgreiðslna örorkulífeyrisþega en hækkun lífeyrisgreiðslna ellilífeyrisþega nam til samanburðar á sama tíma 4,6%.

Líkt og fram kom á fundinum leggur innviðaráðuneytið til við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að gerð verði eftirfarandi breyting á 2. mgr. b-liðar 3. gr. frumvarpsins, til að taka af allan vafa um hvort lokauppgjör húsnæðisbóta skuli fara fram með hefðbundnum hætti í samræmi við 25. og 26. gr. laga

um húsnæðisbætur þegar skattframtöl fyrir árið 2022 liggja fyrir á komandi ári (tillagðar viðbætur ráðuneytisins eru feitlettraðar og undirstrikaðar):

*Friteljumörk skv. 1. mgr. skulu gilda áfturvirk frá 1. janúar 2022 fyrir árið í heild sinni. Endurreikningi og leiðréttingu húsnæðisbóta **til bráðabirgða** fyrir tímabilið 1. janúar – 31. maí 2022 vegna áfturvirkrar hækkunar friteljumarka samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir 1. september 2022. **Um endurreikning og leiðréttingu húsnæðisbóta fer að öðru leyti skv. 25. og 26. gr.***

# Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisaðgerðir vegna verðbólgu).

Í fjárlögum er gert ráð fyrir 3,3% hækkun verðlags á árinu 2022. Nú er því spáð að verðlag hækki um 7,5%, jafnvel 9% á árinu.

Hækkun húsnæðisbóta í frumvarpinu bætir upp vísitöluhækkun leigu vegna umframverðbólgu á leigufjárhæð upp á um 57 til 77 þúsund krónur fyrir þann sem býr einn, 75 til 102 þúsund krónur fyrir tvö í heimili, 88 til 120 þúsund krónur fyrir þrjá í heimili og 96 til 130 þúsund krónur fyrir fjögur í heimili eða fleiri. Allt er þetta langt undir meðaltali húsaleigu í dag. Það er því ljóst að aukin verðbólga mun skerða kaupmátt tekjulágra leigjenda, hækkun húsaleigubóta bætir aðeins hluta af hækkun húsaleigu vegna aukinnar verðbólgu.

Þrátt fyrir hækkun á frítekjumarki samkvæmt frumvarpinu byrja húsnæðisbætur að skerðast við tekjur sem ekki duga fyrir framfærslu og húsaleigu. Bætur einstaklings byrja að skerðast ef hann er með hærri tekjur en tæplega 408 þúsund krónur á mánuði. Sá sem er með rúmlega 691 þús. kr. á mánuði fær engar bætur. Bætur pars með eitt barn byrja að skerðast við 632 þús. kr. Það merkir að ef báðir hinna fullorðnu eru á lágmarkslaunum, 378.500 kr. á mánuði, þá eru húsnæðisbætur fjölskyldurnar skertar um 13.788 kr. Ef parið er með meira en 1.070 þús. kr. á mánuði, 535 þús. kr. á mann, fær fjölskyldan engar bætur.

Það er því ljóst að frumvarpið bætir aðeins allra tekjulægstu leigjendum skaðann af aukinni verðbólgu og þá aðeins hluta skaðans. Stóran hluta skaðans verður þessi hópur að bera sjálfur, fólk og fjölskyldur sem fyrir aukna verðbólgu gat engan veginn náð endum saman.

Frumvarpið bætir öðrum leigjendum skaðann að mjög litlu eða engu leyti. Leigjendur sem vinna mikið, eru í tveimur eða þremur vinnum til að geta framfleytt sér og sínum og borgað okurleigu, fá engan stuðning í þessu frumvarpi. Há húsaleiga neyðir þetta fólk til að vinna mikið og þar með fer það yfir lág tekjuviðmið laganna. Þetta fólk þarf því án aðstoðar að bera kostnaðinn af verðbólgu sem rekja má til faraldurs og stríðs í útlöndum, en kannski fyrst og fremst aðgerðarleysis íslenskra stjórnvalda í húsnæðismálum, aðgerðarleysi sem hefur magnað upp mælda verðbólgu.

f.h. stjórnar Samtaka leigjenda á Íslandi  
Guðmundur Hrafn Arngrímsson

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Kópavogur, 23. maí 2022  
Málsnr.: 2205036 /Málalykill 0.10.2

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu) – Þingskjal 1011 – 678. mál.**

Vísað er til tölvubrúfs dags. 19. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp, hafi stofnunin athugasemdir við það. Einnig er vísað til fundar efnahags- og viðkiptanefndar Alþingis með fulltrúum Tryggingastofnunar þann 20. maí sl. þar sem fram kom beiðni frá formanni nefndarinnar um að stofnunin myndi senda formlega ábendingu til nefndarinnar í kjölfar umræðu á fundinum um framkvæmd á þeim hækkunum á greiðslum sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Eins og fram kom á fundinum mun Tryggingastofnun leggja sig alla fram við að greiða hækkanir sem taka gildi 1. júní eins fljótt og hægt er eftir að frumvarpið verður að lögum og þau birt. Stofnunin sér hins vegar fram á að of skammur tími er til næstu mánaðarmóta til að hægt sé að greiða hækkanirnar út samhliða greiðslum fyrir júní mánuð þann 1. júní nk. þar sem búið er að ganga frá keyrslum vegna greiðslna fyrir júnímánuð, en greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð eru greiddar fyrirfram. Greiðslur vegna hækkanna verða því framkvæmdar í sérstakri greiðslukeyrslu sem fer í vinnslu eftir að lögin hafa verið samþykkt.

Tryggingastofnun leggur því til, eins og fram kom á fundinum með nefndinni að kveðið verði á um í frumvarpinu að hækkanirnar sem slíkar komi til framkvæmda og útgreiðslu í síðasta lagi 1. júlí nk. Vísa má til síðustu málsgreinar 3. gr. frumvarpsins við útfærslu á slíku ákvæði. Ítrekað er að stefnt er að því að greiða svo fljótt sem auðið er, en svigrúm til úrvinnslu er nauðsynlegt.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Jónsdóttir, settur forstjóri



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2022

## **Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisaðgerðir vegna verðbólgu). Fylgiskjal 1011- 678. mál.**

### **Um 1. gr.**

Greiðsla sérstaks óskattskylds barnabótaauka, 20 þúsund kr. er jákvætt og mikilvægt skref fyrir barnafólk, þó vissulega mætti upphæðin vera hærri.

### **Um 2. gr.**

Hækkun lífeyris almannatrygginga á miðju ári er mjög þörf aðgerð sem gjarnan mætti beita oftar. Nauðsynin er sérstaklega rík nú sökum stigvaxandi verðbólgu síðustu mánaða og aftur til ársins 2021. Í fjárlögum 2021 var lífeyrir almannatrygginga hækkaður um 3,6% en ársverðbólga þess árs var 5,1%. Í fjárlögum 2022 var lífeyririnn hækkaður um 4,6% og var þá gert ráð fyrir 3,3% verðbólgu á árinu. Uppsöfnuð tólf mánaða verðbólga í apríl 2022 er 7,2% og því rúmlega helmingi hærri en spá og forsendur fjárlagaársins 2022 (3,3%) gerðu ráð fyrir. Verðbólga hefur farið vaxandi í hverjum mánuði frá ágúst síðastliðnum og ekki er útlit fyrir annað en að hún muni aukast næstu mánuði ársins og fara yfir 8% um mitt árið.

Matur, húsnæðiskostnaður og eldsneyti hefur hækkað um a.m.k. sama hlutfall, 7,2% auk annarrar nauðsynjavöru. Þessar verðhækkningar koma verst niður á tekjulágum, sem þurfa að verja mun herra hlutfalli ráðstöfunartekna sinna til að reyna að standa undir nauðsynjum. Því er ljóst að 3% hækkun nær ekki að halda í við verðbólgu. Hérna er því um að ræða

nauðsynlega lágmarksaðgerð, en betur má ef duga skal. Hækkun framfærsluviðmiðs um 3% í krónutölum er tæpar 8.400 kr. eða úr 279.886 kr. í 288.283 kr. á mánuði<sup>1</sup>.

Frá 1. apríl sl. er greiddur 10.500 kr. hagvaxtarauki á taxta og mánaðarlaun, þ.á.m. lágmarkslaun. Með því eykst enn kjaragliðnunin margumrædda milli örorkugreiðslna og lágmarkslauna. Þeirri þróun verður að snúa við.

Örorkugreiðslur verði hækkaðar almennt til að leiðrétta vanáætlaða verðbólgu á árinu og svo verði örorkulífeyririnn (grunnlífeyririnn) hækkaður sérstaklega um sömu upphæð og lágmarkslaun eða 10.500 kr.

Fordæmi fyrir því að hækka lífeyri almannatrygginga í tengslum við kjarasamninga er t.d. árið 2011.

### Um 3. gr.

Samkvæmt leigukönnun sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) lét framkvæma árið 2021 hefur hlutfall leigu af ráðstöfunartekjum aukist á milli ára. Meðalhlutfall leigukostnaðar af ráðstöfunartekjum er 44% sem gefur til kynna mjög mikla greiðslubyrði vegna leigukostnaðar. Það er því nauðsynleg aðgerð að hækka grunnfjárhæð húsnæðisbóta líkt og lagt er til í frumvarpi þessu. Benda má á að grunnfjárhæð húsnæðisbóta hefur einungis verið breytt einu sinni síðan lögin voru sett og varð það með reglugerð nr. 1197/2017 sem tók gildi 1. janúar 2018. Þá hækkuðu grunnfjárhæðir húsnæðisbóta um 4,7%. Í reynd eru ákvæði um endurskoðun grunnfjárhæða skv. 16. gr. laganna og fjárhæða frítekjumarka skv. 17. gr. laganna samhljóða og því réttast að álykta að sömu forsendur og þar með sama hlutfallslega hækkun hefði átt að gilda fyrir hækkanir grunnfjárhæða eins og frítekjumarka. Miðað við það hefði hækkun grunnfjárhæða átt að vera um 53,3% til dagsins í dag en ekki bara 4,7%.

Þrátt fyrir ofangreint leggur ÖBÍ aðeins til að grunnfjárhæð húsnæðisbóta hækki um 15% í stað 10% til að halda í verðlag síðustu ára.

Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 segir að við útreikning húsnæðisbóta skuli lækka grunnfjárhæðir skv. 2. mgr. 16. gr. um fjárhæð sem nemur 9% af samanlögðum árstekjum heimilismanna. Þrátt fyrir skýrt lagaákvæði þar um segir í 14. gr. reglugerðar nr. 1200/2016 að lækka skuli grunnfjárhæð um sem nemur 11% af samanlögðum árstekjum heimilismanna.

---

<sup>1</sup> Án heimilisuppbótar, en einungis tæplega þriðjungur örorkulífeyristaka fær greidda heimilisuppbót.



Skerðingarhlutfallið var hækkað með breytingarreglugerð nr. 1156/2019 sem tók gildi 1. janúar 2020. Þó það séu reglugerðarheimildir/-ákvæði í lögum nr. 75/2016 er varða grunnfjárhæðir og frítekjumörk þá er ekki að finna heimild til að breyta skerðingarhlutfallinu með reglugerð. Fyrirhuguð lagabreyting um að 11% skerðingarhlutfall gildi frá 1. janúar 2022 er því á skjön við skýrt núgildandi ákvæði laga nr. 75/2016 og felur í reynd í sér skerðingu afturvirkta. Ljóst er að þetta hefur mikla þýðingu fyrir þá sem eru yfir núverandi frítekjumörkum.

ÖBÍ bendir á að aðgerðir vanti fyrir fólk sem tók lán á lágum vöxtum undanfarin tvö ár vegna lækkana stýrivaxta Seðlabanka og lágra húsnæðislánvaxta viðskiptabankanna. Það er nauðsynlegt að koma til móts við þann hóp sem er með mjög lágar tekjur en náði samt að komast inn á eignamarkaðinn. Það fólk er nú með mun hærra greiðslubyrði en lagt var upp með vegna skarprar hækkunar stýrivaxta, verðbólgu og breytilegra vaxta hjá viðskiptabönkum. Ætla má að margir lendi í greiðsluferfiðleikum vegna þessa. Aðgerðir þyrftu að koma til handa þessu fólk t.d. með því að lengja í lánum þannig að eignamyndun verði minni svo að fólk haldi húsnæði sínu.

Að gefnu tilefni er ítrekað að stjórnvöldum er skylt að hafa virkt samráð við heildarsamtök fatlaðs fólks um ákvarðanir sem varða hagsmuni þess, samkvæmt ákvæðum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF), enda segir í 3. mgr. 4. gr., „aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf sinni og stefnu samningi þessum til framkvæmda og vinna að ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks, hafa náð samráð og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fötlua börn, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd“.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir  
formaður ÖBÍ



Bergþór Heimir Þórðarson  
varaformaður ÖBÍ



Sigríður Hanna Ingólfssdóttir  
félagsráðgjafi ÖBÍ



Valdís Ösp Árnadóttir  
verkefnastjóri ÖBÍ